

Aðalfundur Golfklúbbsins Setbergs.

Haldinn 04.12.2018 kl: 20.00 í sal eldri borgara í Hafnarfirði, Hraunseli.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður setti fundinn kl 20.00 og stakk upp á Þórarni Sófussyni sem fundarstjóra og Gunnlaugi Guðjónssyni sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Mættir á fundinn voru 39 félagar.

2. Skýrsla formanns.

Högni Friðþjófsson flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2018. Var skýrslunni varpað með skjávarpa á vegg og auk þess sagði HF að skýrslan yrði sett inn á heimasíðu GSE. Formaðurinn kom víða við og greindi frá öllu því helsta sem gerst hefði á síðasta ári:

Það helsta sem kom fram hjá formanninum var:

- a) Stutt yfirlit um ástand á vellinum og veðrið í sumar.
- b) Minni tekjur af flatargjöldum v/mikillar vætutíðar.
- c) Að nýr kúlustandur hefði verið tekinn í notkun og reynst vel.
- d) Nýtt mót hefði verið haldið í sumar – svokallað Bangsamót þar sem karlar og konur í GSE etja kappi saman.
- e) Félagsstarfið hefði verið með ágætum.
- f) Mótahald hefði verið með hefðbundnum hætti og greindi formaðurinn frá helstu úrslitum sumarsins – bæði meistaramóti og sveitakeppni GSÍ.
- g) Vinavallasamningar hefðu verið endurnýjaðir við Golfklúbbinn á Hellu, Golfklúbb Suðurnesja og Golfklúbb Borgarness.
- h) Starfsmenn GSE væru engir að vetri til, en Jón Sig passar upp á skálann.
- i) HF greindi í örstuttu máli frá mörgum breytingum á golfreglum sem verða kynntar betur síðar fyrir félögum í GSE.
- j) HF greind í stuttu máli frá gangi mála í samningaviðræðum við Keili um slátt á brautum og flötum og fleiri verkum á næsta ári.
- k) HF greindi frá því að ætlunin væri að taka upp nýjar teigmerkingar á næsta ári. Hætt verður með litamerkingar og teknar upp lengdarmerkingar í staðinn.
- l) Alla nánari upplýsingar má finna í skýrslu formanns á heimasíðu GSE.
- m) HF bað svo Hörð Þorsteinsson meðlim í framtíðarnefnd GSE að greina frá því hvernig staða mála væri varðandi nýjan völl. Sagði HP að stefnt væri að því að skrifa næsta vor undir viljayfirlýsingu um málið. Ræða þarf þetta betur á næsta ÍBH-þingi. Ljóst væri að hér er um 7-10 ára plan að ræða og vonandi kæmist þetta í gang ekki síðar en árið 2025. Önnur íþróttafélög í Hafnarfirði hefðu meiri forgang. En þangað til væri hægt að fá einhverja styrki til að undibúnings verkefninu. HF bætti svo við þetta að aðrir aðilar svo sem skátar, skógræktin og fl væru mjög áhugasamir um þetta verkefni.

3. Skýrsla gjaldkera.

Péturs Einarsson lagði fram skoðaða reikninga klúbbsins og las upp helstu niðurstöðutölur. Voru reikningarnir samþykktir samhljóða og án athugasemda.

4. Árgjald og önnur gjöld

Ákveðin var smá hækkun á árgjöldum fyrir 2019 og verða þau eftirfarandi: Fullorðnir greiða 72.000 kr, 18-25 ára greiða 48.000 kr og börn og unglingar greiða 24.000 kr.

5. Stjórnarkjör

Samkvæmt lögum félagsins dattu Sigrún Eir Héðinsdóttir, Karl Ísleifsson og Björn Eysteinnsson úr stjórninni og gáfu þau öll kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn GSE. Á fundinum bauð Elín Reynisdóttir sig einnig fram til stjórnarstarfa. Þurfti því að ganga til atkvæða um næstu stjórn. Niðurstöða atkvæðagreiðslu var:

Karl Ísleifsson fékk 36 atkvæði.

Sigrún Eir Héðinsdóttir fékk 31 atkvæði

Elín Reynisdóttir fékk 29 atkvæði

Björn Eysteinnsson fékk 15 atkvæði

Er nýja stjórnin því þannig skipuð:

Pétur Einarsson, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Elín Reynisdóttir, Fríða Björg Leifsdóttir, Þórarinn Sófússon og Karl Ísleifsson.

Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir þeir Einar Sigurðsson og Örn Andrésson.

6. Formannskjör.

Sitjandi formaður, Högni Friðþjófsson, gaf áfram kost á sér og var hann endurkjörinn með öllum greiddum atkvæðum.

Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir þeir Einar Sigurðsson og Örn Andrésson.

7. Fjárhagsáætlun.

Eftir er að útfæra og ganga frá samningu við Golfklúbbinn Keili um samstarf klúbbanna á næsta ári. Samþykkti fundurinn samhljóða að fela nýrri stjórn GSE það verkefni.

8. Önnur mál.

- a) Högni formaður fór í stuttu máli yfir hugmyndir sem fram hafa komið um stækkun á golfskála. Kynnti hann á skjá nokkrar útfærslur. Verður þetta skoðað betur á nýju ári.

9. Þórarinn Sófússon sleit fundi kl 21.20.

Kópavogur 8. desember 2018.

Gunnlaugur Guðjónsson

Fundarritari aðalfundar GSE 2018.